

AUGLÝSING

um skipulagsmál á Keflavíkurflugvelli.

Óveruleg deiliskipulagsbreyting á vestursvæði vegna spennistöðvalóða.

Skipulagsnefnd Keflavíkurflugvallar samþykkti 18. nóvember 2024 óverulega breytingu á deiliskipulagi á vestursvæði Keflavíkurflugvallar vegna tveggja nýrra lóða fyrir spennistöðvar.

Í deiliskipulagsbreytingunni felst heimild til að stofna lóðir undir tvær spennistöðvar sem eru þegar samþykktar í skipulagi. Um er að ræða lóðir við Arnarvöll 7 annars vegar og hins vegar við Súluvöll 1. Lóð hvernar spennistöðvar er 1.200 m², skilgreint byggingarmagn er áfram 300 m². Byggingarreitir fyrir stöðvarnar minnka úr 1.100 m² í 600 m². Aðkoma að spennistöðinni á lóðinni Arnarvöllur 7 verður frá Arnarvelli, en aðkoma að spennistöðinni á lóðinni Súluvöllur 1 verður vestan Súluvallar við almenn bílastæði.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið meðferð í samræmi við ákvæði 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

F.h. skipulagsnefndar Keflavíkurflugvallar, 26. nóvember 2024,

Björn Ingi Edvardsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. desember 2024